

Stjórnarfundur FEB nr. 491, þriðjudagur 09.01.2024 kl. 13:30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Gunnar Magnússon, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Stefanía Valgeirsdóttir og Ástrún Björk Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Kolbrún Stefánsdóttir og Viðar Eggertsson

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundargerð nr. 490 var undirrituð og samþykkt.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund sem áætlað er að halda 21.febrúar næstkomandi.
 - a. Yfirfara þarf og endurskoða lög FEB fyrir aðalfund félagsins t.d. er varðar boðun stjórnarfundna og fleira og eru stjórnarnmenn hvattir til að rýna lögina vel og koma með ábendingar. Tillögur að lagabreytingum þurfa að liggja frammi á skrifstofu félagsins og heimasíðu hið minnsta í tvær vikur fyrir aðalfund.
 - b. Uppstillingarnefnd hefur ekki verið ákveðin og er formaður með það verkefni
 - c. Hugsanlegt er að boða þurfi til auka stjórnarfundar fyrir aðalfundinn
3. Fyrir fundinum liggur bréf frá lögmanni húsfélags Eiðismýri 30 þar sem farið er fram á að kvöðum sem hvíla á eigninni verði breytt á þann veg að kvöðin nái ekki eingöngu til FEB í Reykjavík. Í bréfinu kemur fram að húsfélagið Eiðismýri 30 er tilbúið að láta reyna á rétt sinn fyrir dómi.

Afstaða stjórnar er enn sú sama og er því beiðninni hafnað
4. Stjórn hafði hafnað nýtingu Reykjavíkurborgar á forkaupsrétti sínum í Hólabergi 30. Engu að síður fóru kaupin í gegn án samþykkis FEB. Sýslumaður hefur viðurkennt að mistök áttu sér stað og hefur boðið að leiðrétta þinglýsinguna skv. 27.grein þinglýsingarlaga. FEB hefur þegið það.
5. Unnið er að lagfæringu samþykka LA í anda þess sem er hjá leigufélaginu Bjargi Ljóst er að LA er með of fáar leigueiningar til að rekstur sé hagkvæmur.

Útleiga á Vatnsholti er hafin og hefur SHP consulting haft umsjón með henni. Nú eru umræður í gangi um að Eignaumsjón taki við rekstrinum og umsjón eigna en sá samningur hefur ekki verið undirritaður.

Leiguverð á Dalbraut, Akranesi hefur ekki verið reiknuð.
6. FEB ætlar að aðlaga siðareglur LEB að sínum og verða þær lagðar fyrir aðalfund FEB. Stjórn er beðin um að lesa þær yfir og koma með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund.

7. LEB fréttir

- a. Kjaranefnd LEB. Hvetja þarf öll félög eldri borgara að þrýsta á verkalýðsfélög í nærumhverfi sínu um að fylgja eftir kröfum LEB um bætt kjaramál. . Gliðnun hefur orðið á milli lágmarkslauna og ellilífeyris.
- b. Samningur við Bjartan lífstíl hefur verið framlengdur með fjárframlagi frá ríkisstjórninni
- c. Landsfundur LEB verður haldinn 14. maí næst komandi í RVÍK
- d. LEB og FEB sömdu í lok árs 2023 um þóknun til handa FEB vegna umsýslu við afsláttarbókina fyrir árin 2023 og 2024.

8. Önnur mál

- a. Eldri borgarar fá ekki lengur ókeypis á skíðasvæði borgarinnar og hafa skrifstofunni borist margar kvartanir vegna þessa. Fulltrúar FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar munu taka það mál upp við ráðið.

Fleira gerðist ekki og lauk fundi kl. 15.20.

Ingibjörg H. Gunnarsdóttir
Ingibjörg Óskars dóttir
Sigrún Jón Gúladóttir
Stefanía Þorgeirsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Katrín Jónsdóttir